

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 52. fundur.

Aukafundur.

að Hlíðavegi 6, 2. febrúar 2009, kl. 12:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Grenndarkynnig vegna fram kominna óska um leyfi til rekstur gistingar að Birkihrauni 5 og 7.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. **Fundarsetning.**
Sveitarstjóri setti fund og bauð menn velkomna.
2. **Grenndarkynnig vegna framkominna óska um leyfi til reksturs gistingar að Birkihrauni 5 og 7.**
Á fundi sveitarstjórnar 18. desember s.l. var samþykkt að boða til fundar með Haraldi Bóassyni annars vegar og hins vegar þeim íbúum Birkihrauns sem athugasemdir gerðu við grenndarkynningu vegna framkominna óska um leyfi til rekstur gistingar að Birkihrauni 5 og 7.
Sveitarstjóri fór yfir málið og rakti ástæður þess að sveitarstjórn vildi leita leiða til að sætta sjónarmið beggja aðila. Fram kom hjá íbúum Birkihrauns að verulegrar þreytu og óánægju gætti hjá þeim vegna reksturs gistingar í götunni

og þá sérstaklega vegna þess að svo virðist sem að rekin hafði verið gisting í fyrirnefndum íbúðum sl. sumar án allra leyfa og þrátt fyrir kvartanir til lögreglu hafi lítið verið brugðist við. Ferðafolk bankandi uppá á öllum tímum sólarhrings, leitandi að gistihúsi. Sveitarstjórn harmar þau óþægindi sem íbúar götunnar hafi orðið fyrir en bendir á að það sé alls óviðkomandi þeim aðila sem nú óski eftir leyfi til gistirekstrar. Sveitarstjóri lagði fram tillögu þess efnis að gefið yrði leyfi til reksturs gistingar að Birkihrauni 5 og 7, til eins árs með þeim skilyrðum að vel yrði frá merkingum gengið og bílastæði tryggð. Að ári liðnu yrði málið endurskoðað með tilliti til reynslunnar. Tillagan hlaut ekki hljómgrunn meðal allra íbúanna sem viðstaddir voru. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu til næsta fundar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.